

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 78/97
frá 12. nóvember 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 32/97 frá 12. júní 1997⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1140/96 frá 25. júní 1996 um breytingu á
III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um
sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr
dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1147/96 frá 25. júní 1996 um breytingu á
II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um
sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr
dýraríkinu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1311/96 frá 8. júlí 1996 um breytingu á I.,
II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um
sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr
dýraríkinu⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 242, 4. 9. 1997 bls. 81 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. 172.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 26.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 170, 9. 7. 1996, bls. 4.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1312/96 frá 8. júlí 1996 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1433/96 frá 23. júlí 1996 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1742/96 frá 6. september 1996 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- 396 R 1140: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1140/96 frá 25. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 6),
- 396 R 1147: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1147/96 frá 25. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 26),
- 396 R 1311: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1311/96 frá 8. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. L 170, 9. 7. 1996, bls. 4),
- 396 R 1312: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1312/96 frá 8. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. L 170, 9. 7. 1996, bls. 8),
- 396 R 1433: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1433/96 frá 23. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 21),
- 396 R 1742: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1742/96 frá 6. september 1996 (Stjtið. EB nr. L 226, 7. 9. 1996, bls. 5).”

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 170, 9. 7. 1996, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 21.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 226, 7. 9. 1996, bls. 5.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1140/96, 1147/96, 1311/96, 1312/96, 1433/96 og 1742/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. nóvember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner